

Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga

II. útgáfa 2014



SKÓGRÆKT
RÍKISINS



Skipulagsstofnun

Efnisyfirlit

Stefna um skógrækt	4
Samráð á vinnslustigi skipulags	5
Umhverfismat skipulagsáætlana	5
Landsskipulagsstefna	6
Skógrækt í svæðisskipulagi	7
Skógrækt í aðalskipulagi	7
Skógrækt í deiliskipulagi	10
Ræktunaráætlanir	12
Framkvæmdaleyfi	12
Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	14
Ruðningur á náttúrulegum skógi	17
Viðauki	19

Gefið út af Skógrækt ríkisins
í desember 2014

Ritstjórn: Hallgrímur Indriðason
Grafísk hönnun og umbrot:
Prúður Óskarsdóttir
Myndir: Bergsveinn Þórrsson,
Hrafn Óskarsson, Hallgrímur
Indriðason og Þröstur Eysteinnsson

Skógrækt ríkisins
Gömlu-Gróðrarstöðinni, Krókeyri
600 Akureyri
sími 470 2012
hallgrímur@skogur.is

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166, 150 Reykjavík
sími 595 4100
skipulag@skipulag.is

Inngangur

Leiðbeiningar þessar sem komu fyrst út 2008 eru unnar af Skógrækt ríkisins í samvinnu við Skipulagsstofnun.

Markmiðið er að þær nýtist við að svara spurningum um skógrækt sem upp koma við gerð skipulagsáætlana. Útgáfa II af leiðbeiningum um skógrækt í skipulagi sveitarfélaga frá janúar 2015 tekur mið af þeim breytingum sem orðið hafa á lögum og reglugerðum, sem snerta skógrækt, frá því að leiðbeiningarnar komu fyrst út **að undanskilinni breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem var samþykkt 15. desember**

2014. Hvatt er til þess að samnýta gögn eins og frekast er unnt. Upplýsingar úr skógræktaráætlun kunna að koma að góðu gagni við tilkynningu vegna mats á umhverfisáhrifum, í skipulagsgerð og þegar sótt er um framkvæmdaleyfi.

Í skipulagsáætlun er sett fram rökstudd stefna og ákvarðanir sveitarstjórna um

framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Þar er jafnframt lýst forsendum slíkra ákvarðana og eftir atvikum hvernig staðið verður að framkvæmd þeirra. Öll mannvirki, framkvæmdir og aðrar aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásynd þess eiga að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru skilgreindar þrjár gerðir skipulagsáætlana, **svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag**. Jafnframt er í skipulagslögum mælt fyrir um gerð landsskipulagsstefnu. Umhverfis- og auðlindaráðherra leggur fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu, sem er samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Upplýsingar um landsskipulagsstefnu og almennar leiðbeiningar um gerð skipulagsáætlana er að finna á vef Skipulagsstofnunar.



Stefna um skógrækt

Í skógræktarlögum nr. 3/1955 og lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006 er sett fram opinber stefna um skógrækt auk þess sem skógræktarlögin kveða nánar á um meðferð á skógi og kjarri. Markmið laganna er að vernda skóga sem fyrir eru og rækta nýja skóga þar sem henta þykir. Lögin endurspeglar stefnu ríkisins um skógrækt, en hafa þarf í huga að í öðrum lögum og reglugerðum eru sett önnur markmið sem fela í sér takmarkanir á skógrækt. Þess vegna þarf að skoða aðra stefnumörkun á vegum ríkis eða sveitarfélaga með það fyrir augum að samræma stefnu um skógrækt og tryggja að hún stangist ekki á við umhverfisverndarmarkmið sem er að finna í lögum eða reglugerðum, s.s. um friðlýstar náttúruminjar, landslagsvernd og verndun náttúrulegs birkiskógar, eða reglur um helgunarsvæði fornminja, vega og veitna auk markmiða í fyrirliggjandi skipulagsáætlunum.

Skógrækt ríkisins hefur gefið út ritið *Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld* (útg. 2013), sem hefur að geyma tillögu starfshóps til umhverfis- og auðlindaráðherra um

almenna stefnu um skógrækt. Þar er m.a. lagt til að stefna að umtalsverðri útbreiðslu skóga á Íslandi í þágu fjölbættra markmiða en að jafnframt skuli tillit tekið til annarrar landnýtingar, verndarsjónarmiða o.fl. Við gerð stefnunnar var m.a. tekið mið af stefnumörkun um *Vernd og endurheimt birkiskóga* (útg. 2007), markmiðum um sjálfbæra gróðurþýtingu og endurheimt landgæða í *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020* (útg. 2010), drögum að stefnumörkun um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (2007) og loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNCCC). Skógrækt ríkisins mælist til þess að ritið *Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld* verði haft sem viðmið við gerð skipulagsáætlana á öllum stigum. Í umfjöllun um skógrækt á öllum skipulagsstigum þarf að gera grein fyrir ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um skógrækt og framkvæmdaleyfisskyldu. Í viðauka er að finna helstu lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem snúa að skógrækt eða hafa takmarkandi áhrif á hvar heimilt er að stunda skógrækt.

Samráð á vinnslustigi skipulags

Á öllum skipulagsstigum getur verið tilefni til að hafa samráð við skógræktarfélag, landshlutaverkefni í skógrækt í viðkomandi landshluta og ábúendur/landeigendur, t.d. í gegnum félag skógarbænda um skógrækt. Skógrækt ríkisins er ávallt álitsgjafi um málefni er tengjast skógrækt, skógvernd og eyðingu skóga í skipulagsáætlunum. Þegar lýsing eða vinnslutillaga samkvæmt skipulagslögum liggur fyrir þarf að hafa samráð við aðrar fagstofnanir, s.s. Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands, ekki eingöngu vegna stefnu um hvar megi rækta skóg heldur einnig vegna annarrar

landnotkunar sem kann að hafa í för með sér rask á skógi. Skipulagsstofnun staðfestir svæðis- og aðalskipulag sveitarfélaga og yfirfer deiliskipulag sem sveitarstjórnir hafa samþykkt. Hún er sveitarfélögum jafnframt til aðstoðar við mótun skipulagstillagna og yfirfer svæðis- og aðalskipulagstillögur áður en þær eru auglýstar. Samráð skal einnig haft við Skipulagsstofnun við gerð lýsingar skipulagstillagna og vegna umhverfismats skipulagstillagna samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.

Umhverfismat skipulagsáætlana

Í skipulagsáætlunum á að gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er gerð ítarlegri krafa um að umhverfisáhrif skipulagstillögu séu metin samhliða tillögugerðinni og með þeirri nákvæmni sem skipulagstillagan gefur tilefni til. Í svæðis- og aðalskipulagi er oft sagt almennt fyrir um landnotkun án þess að fyrir liggja ákvarðanir um endanlega staðsetningu, umfang eða tímasetningu einstakra framkvæmda.

Tilgangur umhverfismats á þessu stigi er sérstaklega að fjalla um umhverfisáhrif valkosta og samlegðaráhrif sem oft á tíðum er ekki raunhæft að fjalla um þegar um er að ræða mat á áhrifum einstakra framkvæmda. Skipulagsáætlanir sem fela í sér tilkynningarskylda skógrækt skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eða ruðning á náttúrulegum skógi, falla jafnframt undir lög um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana sem eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar.



Landsskipulagsstefna

Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um nýtingu lands og landgæða sem tryggir heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands. Landsskipulagsstefnan felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð

sveitarfélaga, en felur almennt ekki í sér fyrirætlun um nákvæma útfærslu landnotkunar.

Sveitarfélög skulu taka mið af landskipulagsstefnu við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og samræma þær landskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í því felst að samræma og útfæra landsskipulagsstefnu í skipulagsáætlunum.

Skógrækt í svæðisskipulagi

Meginhlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu sveitarfélaga í skipulagsmálum í þeim tilvikum þegar tvö eða fleiri sveitarfélög telja þörf á að marka sameiginlega stefnu um landnotkun. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun eru aðeins teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja

sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna eða útfæra landsskipulagsstefnu. Ef skógrækt og landbúnaður eru viðfangsefni svæðisskipulags er hægt að marka stefnu um hvar eða við hvaða aðstæður stefnt er að skógrækt eða skógrækt er heimil. Stefna í svæðisskipulagi leggur grunn að stefnu í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Skógrækt í aðalskipulagi

Í aðalskipulagi er sett fram stefna hlutaðeigandi sveitarfélags um landnotkun og þróun byggðar í sveitarfélaginu, þar á meðal um skógrækt. Það á jafnt við um skógrækt á vegum sveitarfélagsins og á vegum annarra aðila.

Til þess að unnt sé að marka stefnu til framtíðar þarf að safna upplýsingum um þá skóga sem eru til staðar og skógræktar-áform sem þegar liggja fyrir. Það á við um skóga á þegar skilgreindum skógræktar- og landgræðslusvæðum, landbúnaðarsvæðum, útivistarsvæðum og óbyggðum svæðum en einnig um trjárækt innan þéttbýlismarka. Upplýsingar um núverandi og fyrirhugaða skógrækt fást hjá landshlutabundnu skógræktarverkefnum, Skógrækt ríkisins og skógræktarfélögum. Upplýsingar um útbreiðslu birkiskóglendis fást hjá Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá.

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og því er mikilvægt að greina þegar á mótunartíðum skipulagstillögu, hvaða breytingar framfylgd hennar hefur í för með sér. Sem dæmi má nefna að skógrækt getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, nærveður, samfélag og einnig á svæði sem njóta verndar, s.s. vegna vatns, náttúrufars eða menningarminja. Æskilegt er að setja fram og bera saman mismunandi valkosti um skógrækt, t.d. mismunandi staðarval og umfang, og velja síðan þá kosti sem auka jákvæð áhrif skógræktar og draga úr neikvæðum áhrifum, en framfylgja meginstefnu sveitarfélagsins að öðru leyti. Stefna aðalskipulagsins um skógrækt í sveitarfélaginu er höfð að leiðarljósi og útfærð nánar við gerð ræktunaráætlunar fyrir einstök skógræktarverkefni.

Hægt er að tryggja vernd skóga eða trjágróðurs með því að skilgreina hverfisvernd á viðkomandi svæði í skipulagi. Reglur hverfisverndar um umgengi og mannvirkjagerð ættu að miða að því að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu. Í hverfisverndarákvæðum skipulagsins þarf að gera grein fyrir hvað sé viðfangsefni verndunarinnar, hvaða landnotkun sé fyrirhuguð á hverfisverndarsvæðinu og hvernig hún falli að reglunum sem gilda á viðkomandi svæði.

Í aðalskipulagi skal setja fram stefnu um skógrækt og, eftir því sem við getur átt, afmarka núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði á skipulagsupprætti. Stefnu aðalskipulags má setja fram með eftirfarandi hætti í aðalskipulagi:

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Í skipulagsreglugerð frá 16. janúar 2013 með skipulagslögum nr. 123/2010 er gert ráð fyrir nýjum landnotkunarflokki í aðalskipulagi sveitarfélaga: SL (skógræktar- og landgræðslusvæði).

Hægt er að marka stefnu um að skógrækt skuli eingöngu fara fram á *skógræktar- og landgræðslusvæðum* sem auðkennd eru á skipulagsupprætti aðalskipulags. Það getur átt við fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, flest svæði sem skógræktarfélögin hafa umsjón með, skóga og skógræktarsvæði í grennd við

þéttbýli. Enn fremur getur þetta átt við um skjólbelti. Þau tilheyra landnotkuninni „skógræktar- og landgræðslusvæði“ eins og t.d. þjóðskógarnir sem eru reknir af Skógrækt ríkisins. Sé þessi leið valin munu ný skógræktarsvæði kalla á breytingu á aðalskipulagi, nema annað sé sérstaklega tilgreint og tekið fram.

Landbúnaðarsvæði

Einnig er hægt að marka stefnu um nytjaskógrækt á *landbúnaðarsvæðum* í aðalskipulagi, ef ekki er talið tilefni til að skilgreina þau sem sérstök *skógræktar- og landgræðslusvæði*. Í aðalskipulaginu er jafnframt sett fram stefna um skógrækt, s.s. reglur eða viðmið um hvar og við hvaða aðstæður stefnt er að skógrækt eða hvar skógrækt er heimil, hvar hún er heimil með tilteknum skilyrðum eða hvar hún kann að vera óheimil, s.s. vegna verndarákvæða. Einnig getur í aðalskipulagi verið ástæða til að útfæra nánari reglur um framkvæmdaleyfi vegna skógræktarverkefna, málsmeðferð og gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi, umfram það sem fram kemur í reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Opin svæði

Önnur skóglendi eru fyrst og fremst náttúrulegir birkiskógar utan landbúnaðarlands ætlaðir til almennrar útivistar. Þar er gert ráð fyrir stígum og áningarstöðum. Þessi skóglendi má skilgreina sem *opin svæði* í aðalskipulagi.

Svæði fyrir frístundabyggð ásamt afþreyingar- og ferðamannasvæðum

Á svæðum fyrir frístundabyggð er almennt ekki gert ráð fyrir annarri trjárækt en þeirri sem er á hendi landeigenda/lóðarhafa, s.s. til að skapa skjól eða eftirsóknarvert umhverfi. Sama gildir um afþreyingar- og ferðamannasvæði en undir þá landnotkun falla tjald- og hjólhýsasvæði, skemmtigarðar og önnur svæði fyrir móttöku og afþreyingu ferðafólks. Í aðalskipulagi getur þó verið tilefni til að setja stefnu um skóg- og trjárækt á einstökum svæðum fyrir frístundabyggð, t.d. í þeim tilgangi að vernda náttúrulegan birkiskóg eða tryggja útsýni eða aðgengi.

Óbyggð svæði

Í aðalskipulagi eru óbyggð svæði og önnur opin svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð sett í landnotkunarflokkinn *óbyggð svæði*. Í þéttbýli getur þetta t.d. átt við belti með fram vegum, ám, vötnum eða sjávarströnd. Utan þéttbýlis er oftast um að ræða bæjarland umhverfis þéttbýlisstaði og óbyggðir utan heimalanda jarða. Megin landnýting á óbyggðum svæðum í dreifbýli eru hefðbundnar nytjar s.s. beit búfjár. Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á *óbyggðum svæðum*.



Skógrækt í deiliskipulagi

Í deiliskipulagi eru ákvæði og stefna aðalskipulags útfærð nánar fyrir einstök svæði eða reiti, s.s. varðandi þéttleika byggðar, landnotkun, gatnakerfi, stærðir lóða og húsagerðir. Almenn er skógrækt ekki deiliskipulagsskyld nema þegar um er að ræða skógræktarsvæði, þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð, s.s. stígum og byggingum.

Í deiliskipulagi skógræktarsvæða getur verið viðeigandi að tilgreina sem skipulags-skilmála ákvæði annarra laga og reglugerða sem geta átt við, s.s. um afmörkun helgunarsvæða fornleifa skv. lögum um menningarminjar.

Við gerð deiliskipulags á ræktuðum svæðum þarf að huga að brunavörnum m.t.t. sinu-, kjarr- og skógarelda.

Landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði

Ekki er gert ráð fyrir að vinna þurfi deiliskipulag fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum ef nægilega skýr grein er gerð fyrir henni í aðalskipulagi. Það getur þó átt við ef um er að ræða aðra skipulags-skylda mannvirkjagerð á viðkomandi skógræktarsvæði eða ef stefna aðalskipulags kveður á um það.

Opin svæði og útivistarsvæði í þéttbýli

Skógrækt í þéttbýli er almennt á svæðum

sem skilgreind eru sem opin svæði í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Vinna þarf deiliskipulag fyrir útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð, s.s. bílastæðum, stígum, salernum og leiktækjum. Ef ástæða þykir til, má í deiliskipulagi setja ákvæði um skógrækt, s.s. um áfangaskiptingu eða tegundanotkun, og takmarka aðra mannvirkjagerð með tilliti til skógræktarinnar eða setja takmarkanir á skógrækt á tilteknum svæðum eða beltum vegna verndar menningarminja, landslags eða útsýnis.

Víða í nágrenni þéttbýlissvæða hefur skógrækt verið stunduð um áratugaskeið. Markmið skógræktarinnar voru í upphafi breytileg, en í flestum tilfellum hafa skógræktarsvæðin verið opnuð og gerð aðgengileg til útivistar fyrir íbúa þéttbýlisins og aðra sem þangað sækja. Upphafleg landfræðileg afmörkun þessara skógræktarsvæða var oft tengd hagkvæmum girðingarlínum og stundum girðingum sem þjónuðu öðrum tilgangi en að vernda nýskóga. Skógræktinni á þessum svæðum var m.a. ætlað það hlutverk að vera eins konar umgjörð um þéttbýlið. Við þessar aðstæður hefur með tímanum orðið til skógarauðlind sem hefur skapað aðstæður til útivistar og náttúruupplifunar.

Í mörgum tilfellum, m.a. til þess að tryggja gildi og aðgengi þessara skógræktarsvæða til útivistar í framtíðinni og einnig til að tryggja það að stækkun þéttbýlis verði ekki

á kostnað þessara útivistarsvæða, getur verið nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir þau, annað hvort í heild eða að hluta. Slíkar deiliskipulagsáætlanir eru æskilegar til að tengja svæðin umferðarkerfi þéttbýlisins með vega- og stígagerð og vegna snyrtinga, sorphirðu og aðgengis að leiksvæðum svo eitthvað sé nefnt.

Einnig getur verið viðeigandi að vinna deiliskipulag af skógræktarreitum sem sveitarfélög eða skógræktarfélög útdeila til almennings og félagasamtaka. Í slíku deiliskipulagi er þá gerð grein fyrir skógræktarreitum, byggingareitum fyrir aðstöðuhús, göngustígum, bílastæðum o.s.frv.

Frístundabyggð

Vinna þarf deiliskipulag fyrir frístunda- byggðir. Í skipulagsskilmálum má setja ákvæði um afmörkun skógræktarsvæða og ákvæði um tegundanotkun, ef tilefni er til. Setja getur þurft ákvæði um fjarlægð trjáa frá lóðamörkum, s.s. vegna skuggavarps inn á nágrannalóðir. Þá getur verið að setja þurfi takmarkanir á mannvirkjagerð m.t.t. skógræktarinnar eða á skógræktina m.t.t. minja og útsýnis.

Á stöðum þar sem náttúrulegur birkiskógur er til staðar og fyrirhugað er að vinna deiliskipulag, t.d. fyrir frístundabyggð, er nauðsynlegt að huga vel að verndun skógarins út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Þar

sem ræktaður skógur er gæti þurft að huga að verndun hans út frá sögulegum sjónarmiðum eða vegna útivistargildis hans. Samkvæmt skógræktarlögum þarf að leita samþykkis skógræktarstjóra til rjóðurfellingar og er þar átt við að samhliða vinnslu deiliskipulags þurfi að leita umsagnar Skógræktar ríkisins um tillöguna. Í sömu lögum kemur jafnframt fram að sá sem heggur skóg skuldbindur sig til að græða upp skóg að nýju á jafnstóru svæði og hefjast handa innan tveggja ára. Við þessar aðstæður, þar sem fyrirhugað er að fella skóg, er því nauðsynlegt að fram komi á deiliskipulagi flatarmál skógar sem fella þarf og hvernig mótvægisáðgerðum verði háttað.

Hverfisvernd

Í deiliskipulagi getur verið ástæða til að setja sérstök ákvæði um verndun trjálunda eða einstakra trjáa. Víða eru gamlir lundir eða gömul tré sem hafa sérstaka sögu, eru af sjaldgæfum tegundum, setja svip á umhverfi sitt eða hafa verndargildi af öðrum ástæðum. Best er að tryggja slíka vernd með því að skilgreina hverfisvernd í skipulagi og skýra nákvæmlega í reglum um hverfisverndarsvæðið hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru um umgengni og mannvirkjagerð.

Ræktunaráætlanir

Skógrækt sem nýtur ríkisstyrkja er áætlana-bundin framkvæmd. Fyrir hverja jörð sem framlag fær til skógræktar skv. lögum um landshlutaverkefni í skógrækt skal gera ræktunaráætlun til 10 ára. Þetta á jafnt við um timburskógrækt, landbótaskógrækt og sérverkefni í skógrækt.

Í ræktunaráætlun kemur m.a. fram eftirfarandi:

- Grunn gögn: Nákvæmar upplýsingar um staðsetningu og stærð svæðis, gróðurfar, gróðurþekju, halla og hallaátt, jarðvegsdýpt, undirlag jarðvegs, snjóalög, helstu vindáttir o.fl.
- Leiðbeiningar: Nákvæmar upplýsingar um hvernig standa skuli að ræktun skógar, s.s. um hvar skuli byrja, hvernig skuli staðið að jarðvinnslu og áburðargjöf, hvernig gróðursetningu skógarjaðra

skuli hagað og hvernig val og blöndun trjátegunda skuli vera. Auk þess kemur fram ýmis almennur fróðleikur um skógrækt.

- Úrtök: Staðsetning náttúru- og menningarminja sem kunna að vera umkringd skógræktarsvæðinu eða í grennd við það en eru ekki hluti af hinu samningsbundna skógræktarsvæði.

Ræktunaráætlun er nauðsynlegt tæki til að sú þekking sem er til staðar hverju sinni nýtist og beri sem bestan árangur við ræktunina. Þetta á ekki síst við hérlendis þar sem ekki hefur skapast hefð og reynsla í skógrækt eins og hjá skógræktarþjóðum. Forsenda þess að vel takist til við skógræktina er að áætlunin sé unnin af fagfólki í skógrækt og viðhöfð séu vönduð vinnubrögð.

Framkvæmdaleyfi

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess. Nýræktun skóga, hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg, er eftir atvikum háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Það sama gildir um skógareyðingu. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum við lög um

mat á umhverfisáhrifum eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi. Það á við nýræktun skóga á 200 ha eða stærra svæði og alla skógrækt á verndarsvæðum. Önnur skógrækt getur jafnframt verið háð framkvæmdaleyfi ef það hefur verið ákveðið í aðalskipulagi eða ef sveitarstjórn metur að hún teljist meiri háttar framkvæmd, m.t.t. stærðar skógræktarsvæðisins,

umfangs fyrirhugaðra framkvæmda, áhrifa skógræktarinnar á landslag og annarra umhverfisáhrifa.

Veiting leyfis fyrir öðrum framkvæmdum er metin út frá stærð skógræktarsvæðisins, umfangi fyrirhugaðra framkvæmda, áhrifum skógræktarinnar á landslag og öðrum umhverfisáhrifum.

Með framkvæmdaleyfisumsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- Undirrituð umsókn frá framkvæmdaraðila þar sem framkvæmdinni er lýst og upplýsingar um hvaða skipulagsáætlanir hafa verið lagðar til grundvallar.
- Hnitsettur afstöðuuppráttur í tilgreindum mælikvarða (1:500-1:2000) af framkvæmdasvæðinu, næsta nágrenni og aðkomu að því.

- Lýsing á svæðinu og ástandi þess.
- Hönnunargögn og lýsing á efnisvali, frágangi og áfangaskiptingu eftir atvikum.
- Upplýsingar um áætlaðan framkvæmdatíma.
- Skýringargögn, eftir því sem við getur átt, svo sem sneiðmyndir, útlitsmyndir, lýsing á efnisnotkun, vinnuáferðum og frágangi, landmótun og plöntuvali.
- Samþykki og/eða leyfi annarra leyfisveitenda ef við á og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila ef þær hafa ekki legið fyrir við gerð gildandi skipulagsáætlana.



Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Nýræktun skóga

Nýræktun skógar á 200 ha svæði eða stærra er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og tölulið 1d í 2. viðauka við lögin. Skipulagsstofnun ákvarðar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Sama gildir um skógrækt, án tillits til stærðar, sem er fyrirhuguð á verndarsvæðum.

Þau svæði sem teljast verndarsvæði skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum eru:

- Friðlýstar náttúruminjar og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
 - Friðlýstar náttúruminjar eru: Þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar. Auðveldast er að nálgast upplýsingar um þau svæði sem teljast friðlýstar náttúruminjar á vef Umhverfisstofnunar.
 - Svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eru: Eldvörp, gervigígar og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir (1.000 m² að stærð eða stærr), mýrar og flóar (3 ha að stærð eða stærr), fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður (100 m² að stærð eða stærr), sjávarfitjar og leirur.
- Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Pingvellir, Mývatns- og Laxárvæði og Breiðafjörður.
- Svæði sem eru innan 100 m fjarlægðar frá friðlýstum fornleifum, en þær njóta verndar samkvæmt lögum um menningarmínjar.
- Svæði sem njóta verndar samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Þar á meðal eru öll vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði).
- Svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningnum (votlendi) og Bernarsamningnum (verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla undir þessa upptalningu enda gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum. Válistana má nálgast á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands. Auk þess heldur Náttúrufræðistofnun utan um ofangreinda alþjóðasamninga fyrir hönd Íslands. Æskilegt er að leita ráða hjá stofnuninni ef ástæða er til að ætla að fyrirhugað skógræktarverkefni snerti fyrrgreinda samninga.

- Hverfisverndarsvæði samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum. Upplýsingar um hverfisverndarsvæði er að finna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Æskilegt er að leita til viðkomandi sveitarfélags eða Skipulagsstofnunar um stöðu aðalskipulags í viðkomandi sveitarfélagi. Allt gildandi aðalskipulag er aðgengilegt í skipulagsvefsjá á vef stofnunarinnar.

Tilkynning til Skipulagsstofnunar

Tilkynningu til Skipulagsstofnunar um fyrirhugað skógræktarverkefni sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum þarf að fylgja greinargerð um verkefnið. Í greinargerðinni þurfa að koma fram tilteknar upplýsingar þannig að unnt sé að taka ákvörðun um hvort viðkomandi verkefni skuli háð umhverfismati eða ekki. Við framsetningu gagna er nauðsynlegt að hafa í huga að þau þurfa að nýtast þeim sem ekki eru staðkunnugir.

Í greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram, í samræmi við 10. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005:

- Nafn framkvæmdaraðila og upplýsingar um staðsetningu skógræktarsvæðisins, þ.e. heiti jarðar og sveitarfélags. Gera þarf grein fyrir tilgangi fyrirhugaðrar skógræktar, t.d. hvort um er að ræða nytja-skógrækt, skógrækt til kolefnisbindingar

eða eitthvað annað. Unnt er að styðjast við flokkun mismunandi skógræktar eins og hún er sett fram á vef Skógræktarfélags Íslands.

- Upplýsingar um áfangaskiptingu framkvæmdar þurfa að koma fram hvort sem hún fer eftir svæðum, tegundum eða tíma.
- Fram þarf að koma hver sé áætluð stærð skógræktarsvæðisins, upplýsingar um núverandi landnotkun, uppdráttur sem sýnir mörk framkvæmdasvæðis, afstöðu svæðisins til nánasta umhverfis og mannvirkni sem fyrir eru á svæðinu. Einnig þarf að koma fram hvort fyrirhugað skógræktarsvæði er á eða nærri verndarsvæðum, sbr. upptalningu á þeim hér að framan.
- Æskilegt er að sýna á uppdrætti hvernig skipta á svæðinu m.t.t. markmiða og tegundasamsetningar.
- Gott er að birta ljósmyndir af viðkomandi skógræktarsvæði svo þeim sem ekki hafa komið þangað sé unnt að glöggva sig á því hvernig umhorfs er á svæðinu.
- Gera þarf grein fyrir þeim verkþáttum sem nauðsynlegt er að ráðast í vegna fyrirhugaðrar skógræktar, s.s. vegum, girðingum, skurðum, áveitulögnum og mannvirkjum sem tengjast vinnslu afurða, ef við á.

- Gera þarf grein fyrir áburðarnotkun, jarðvinnslu og notkun varnarefna.
- Lýsa þarf staðháttum, s.s. landslagi, gróðri, vatnafari, veðurfari, dýralífi og jarðvegi. Jafnframt þarf að greina frá náttúruminum á svæðinu.
- Sýna þarf staðsetningu skráðra fornleifa sem eru á svæðinu og hvernig upplýsinga um þær var aflað. Einnig skal tilgreina ráðstafanir til að forðast röskun þeirra.
- Gera þarf grein fyrir öllum þeim stöðum innan framkvæmdasvæðisins þar sem óheimilt er að gróðursetja, t.d. vegna nálægðar við fornleifar eða mannvirki (t.a.m. vegi og raflínur) og svæðum sem njóta verndar.
- Gera þarf grein fyrir samræmi framkvæmda við skipulag svæðisins, s.s. gildandi aðal-skipulag viðkomandi sveitarfélags.
- Tilgreina þarf hvaða þættir verkefnisins eru líklegastir til að hafa áhrif á umhverfið og hversu langvinn helstu umhverfisáhrifin eru, þ.m.t. fornleifar, líffræðileg fjölbreytni, landslag, gróður, landnotkun, vatnafar, veðurfar, dýralíf og jarðvegur. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig skógurinn fellur að landi, þ.e. áhrifum skógræktarinnar sem og fullvaxins skógar á landslag og ásýnd, sérstaklega m.t.t. nálægðar við „viðkvæm svæði“, s.s. sérstæðar jarðmyndanir, fossa, vötn o.s.frv.

Kynning og samráð

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort skógræktarverkefni skuli háð mati á umhverfisáhrifum leitar hún umsagna. Leitað er umsagna viðkomandi sveitarfélags, Mannvirkjastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins, Umhverfisstofnunar og eftir atvikum annarra. Það er alltaf til bóta að hafa samráð um gagnaöflun við ofangreinda umsagnaraðila áður en tilkynning er send til Skipulagsstofnunar. Í tilkynningunni ber að greina frá því hverjum hafi verið kynnt áformin og við hvaða þætti umsagnaraðilar hafi gert athugasemdir.

Leyfisveitingar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um mats-skyldu skógræktarverkefna getur verið með tvennum hætti:

- Að fyrirhuguð skógrækt skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
- Að fyrirhuguð skógrækt skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafa ber í huga að skógræktarverkefni sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sem hún getur ekki gefið út fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar um mats-skyldu liggur fyrir.

Ruðningur á náttúrulegum skógi

Ruðningur á náttúrulegum skógi fellur undir sama tölulið í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum og nýskógrækt, sem fjallað var um hér að framan. Hins vegar er ekki tilgreind stærð eða umfang ruðningsins í lögnum.

Hvergi í íslenskum lögum eða reglugerðum er að finna skilgreiningu á hvað telst skógur. Skógrækt ríkisins byggir því á alþjóðlegum skilgreiningum og viðmiðum. Samkvæmt þeim ber að miða við framkvæmdir sem fela í sér varanlega eyðingu skógar (trjákennds gróðurs) sem fullvaxinn getur náð a.m.k. 2 m hæð, er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og þekur a.m.k. 10% svæðis.

Tilkynning til Skipulagsstofnunar

Í greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram, í samræmi við 10. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005:

- Nafn framkvæmdaraðila og upplýsingar um staðsetningu svæðisins sem á að ryðja skóginum af, þ.e. heiti jarðar og sveitarfélags.
- Gera þarf grein fyrir tilgangi fyrirhugaðs skógarruðnings.
- Framkvæmdarlýsing, þ.m.t. heildarflatarmál skógarins, núverandi landnotkun, uppráttur af svæðinu þar sem

fram koma svæði sem til stendur að ryðja, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu. Gera þarf grein fyrir gerð skógarins, þ.e. trjátegundum, hæð og aldri.

- Gott er að birta ljósmyndir af viðkomandi svæði svo þeim sem ekki hafa komið þangað sé unnt að glöggva sig á því hvernig umhorfs er á svæðinu.
- Tengdar framkvæmdir, t.d. vegagerð o.fl.
- Lýsing á staðhättum, s.s. landslagi, gróðri, landnotkun, vatnafari, veðurfari, dýralífi og jarðvegi. Upplýsingar um náttúruminjar á svæðinu.
- Sýna þarf staðsetningu skráðra fornleifa sem eru á svæðinu og hvernig upplýsinga um þær var aflað. Einnig skal tilgreina ráðstafanir til að forðast röskun þeirra.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmdirnar falla að gildandi aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.
- Í greinargerðinni þarf að tilgreina hvaða þættir verkefnisins valda helst áhrifum á umhverfið og hversu langvinn áhrifin eru, þ.m.t. áhrif ruðningsins á líffræðilega fjölbreytni.

Kynning og samráð

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort ruðningur á náttúrulegum skógi skuli háður mati á umhverfisáhrifum leitar hún umsagna. Leitað er umsagna viðkomandi sveitarfélags, Minjastofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins, Umhverfisstofnunar og eftir atvikum annarra. Það er alltaf til bóta að hafa samráð um gagnaöflun við ofangreinda umsagnaraðila áður en tilkynning er send til Skipulagsstofnunar. Í tilkynningunni ber að greina frá því hverjum hafi verið kynnt áformin og við hvaða þætti umsagnaraðilar hafi gert athugasemdir.

Leyfisveitingar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu þess að ryðja náttúrulegum skógi getur verið með tvennum hætti:

- Að fyrirhugaður ruðningur skuli háður mati á umhverfisáhrifum.
- Að fyrirhugaður ruðningur skuli ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

Hafa ber í huga að ruðningur á skógi sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er háður framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sem hún getur ekki gefið út fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir.

Viðauki:

Helstu lög, reglugerðir og samþykktir sem snerta skógrækt í skipulagsferli og mati á umhverfisáhrifum.

Lög

Lög um skógrækt nr. 3/1955
Lög um landgræðslu nr. 17/1965
Búnaðarlög nr. 70/1998
Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 (1.7. 2015 taka gildi lög um náttúruvernd nr. 60/2013)
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
Skipulagslög nr. 123/2010
Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006
Lög um loftslagsmál nr. 70/2012
Jarðalög nr. 81/2007
Vegalög nr. 80/2007
Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Reglugerðir

Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000
Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Annað

Leiðbeiningar um skógrækt í sátt við umhverfið á vef Skógræktarfélags Íslands. Vernd og endurheimt íslenskra birki-skóga: stefnumótun á vegum Umhverfisráðuneytisins
Auðlindir, arfleifð og lífsgæði: Stefna Landgræðslu ríkisins 2008-2020
Skógar á Íslandi – stefna á 21 öld, febrúar 2013: Útgefandi Skógrækt ríkisins
Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
Stefnumörkun í loftslagsmálum (2007)
Náttúruminjaskrá
Náttúruverndaráætlun



Leiðbeiningar til sveitarstjórna,
skipulagsráðgjafa og skógræktenda
um skógrækt í skipulagsáætlunum
og við mat á umhverfisáhrifum

